

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Greiða skal sérstakt sorphirðu- og eyðingargjald á hverja íbúð í Kópavogi að fjárhæð kr. 22.600.

3. gr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, og samþykktar nr. 425/1997 um meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 15. desember 2015.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri.